

A 1764/presidiet

Afgreiðsla: Forsætisnefnd

Nefndarálit forsætisnefndar um

þingmannatillögu um að skipa nefnd um Evrópusambandsmál og varnarmál**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

að Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar með þingmannatillögu um að skipa nefnd um Evrópusambandsmál og varnarmál.

Bakgrunnur

Kari Kulmala (bláum) og Kimmo Kivelä (bláum) lögðu fram þingmannatillögu um stofnun Evrópusambands- og varnarmálanefndar í Norðurlandaráði. Þingmannatillagan var tekin til fyrstu afgreiðslu á sumarfundi forsætisnefndarinnar í Noregi.

Kulmala og Kivelä vísa í þingmannatillögu sinni til aukins vægis Evrópusambandsmála og varnarmála í norrænu samstarfi. Þeir sjá fyrir sér að helsta verkefni nýju nefndarinnar yrði að beina tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um ýmis mál sem varða starfssvið nefndarinnar.

Þar sem Norðurlandaráð kom á fót skrifstofu í Brussel í september 2017 eru ESB-málefni orðin stærri hluti af nefndarstarfi Norðurlandaráðs. Þau ESB-málefni sem Norðurlandaráð hefur með höndum varða einkum starfssvið nefndanna, meðal annars stefnu í umhverfis-, orku- og heilbrigðismálum sem og varðandi stafvæðingu. Norðurlandaráð starfrækti Evrópunefnd á árunum 1997–2001. Stofnun nefnda Norðurlandaráðs á grundvelli landssvæða (Norðurlanda-, grannsvæða- og Evrópunefndin) telst yfirleitt hafa misheppnast.

Eins og málum er háttað nú um stundir ber forsætisnefndin ábyrgð á utanríkis-, öryggis- og varnarmálum í Norðurlandaráði. Þessi mál heyra ekki undir verksvið Norrænu ráðherranefndarinnar. Að mati íbúa Norðurlandanna eru varnar- og öryggismál mikilvæg. Forsætisnefndin er talin vera nægilegur og áhrifaríkur vettvangur fyrir afgreiðslu varnar- og öryggismála á Norðurlöndunum.

Rétt er að benda á að enn ein nefndin í Norðurlandaráði leiddi til aukins kostnaðar, meðal annars við túlkun.



Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Nefndin fjallaði um þingmannatillöguna á sumarfundinum í Noregi. Í forsætisnefnd voru menn sammála um að utanríkis-, varnar- og öryggismál vegi þungt innan hins norræna samstarfs. Forsætisnefndin telur þar af leiðandi mikilvægt að um þessi mál sé fjallað í forsætisnefndinni og að um það verði ekki efast. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs á einnig að vera sú samkoma sem fylgir eftir starfsemi NORDEFO.

Forsætisnefndin lítur því svo á að það þjóni ekki tilgangi að stofna Evrópusambands- og varnarmálanefnd en að það sé mikilvægt að ræða þessar spurningar í ríkara mæli.

Hoel Gård, Noregi, 27. júní 2018

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (ÅC)

Christian Juhl (EL)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

Henrik Dam Kristensen (S)

Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Phia Andersson (S)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)

Staffan Danielsson (C)

Wille Rydman (Saml)

Ný tillöugrein

Utanríkis- og varnarmál gegna fremur léttvægu hlutverki í starfsemi Norðurlandaráðs, fyrst og fremst vegna þess að þau heyra ekki undir meginstarfssvið neinnar nefndar. Einnig samkvæmt starfsreglunum er meginverkefni forsætisnefndarinnar að fara með æðsta vald í ráðinu „á milli þingfunda“.

Eins og ástatt er í öryggismálum væri samt sem áður gagnlegt ef Norðurlönd víkkuðu út samstarf sitt, einkum þannig að það tæki til stefnu í málefnum ESB og varnarmála. Skoðanakönnun Norrænu ráðherranefndarinnar, sem var birt í fyrra, sýndi að Norðurlandabúum þykir samstarfið um varnar- og öryggismál vera mikilvægast í norrænu samstarfi eins og nú er komið. Norðurlandaráð ætti einnig að bregðast við þessu og þar með endurskoða skipulag sitt.

Þingmenn Norðurlandaráðs, þeir Kari Kulmala og Kimmo Kivelä, bæta nýrri tillöugrein við nefndarálit forsætisnefndarinnar og leggja til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að skipuð verði nefnd í Norðurlandaráði um Evrópusambandsmál og varnarmál.

Helsinki, 15. október 2018

Kari Kulmala

Kimmo Kivelä